

**7. haustþing SSNV,
fimmtudaginn 12. október 2023**

FUNDARGERÐ



**Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir**

Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara | 2 |
| Fulltrúatal | 3 |
| Fjárhags- og starfsáætlun 2024 | 3 |
| Erindi | 3 |
| Tillögur og ályktanir lagðar fram | 4 |
| Ávörp gesta | 4 |
| Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings | 5 |
| Fjárhagsnefnd | 5 |
| Allsherjarnefnd | 5 |

Dagskrá

09:30 Þingsetning

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV (Þ4).
Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara og tveggja vararitara (Þ4).

09:40 Kjörnefnd kannar lögmæti þingsins

09:45 Fjárhagsáætlun 2024 og starfsáætlun 2024 (S2.1)

Katrín M. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV.

10:00 Erindi:

Álfhildur Leifsdóttir, stafrænt ráð sambandsins. Virkjum hugvit, tækni og stafræna þróun.

Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir - Ungmennahing Norðurlands vestra

Magnús Barðdal - Kortlagning tækifæra á landsbyggðinni.

10:30 Störf nefnda

Fjárhagsnefnd fjallar um fjárhagsáætlun 2024.

Allsherjarnefnd fjallar um starfsáætlun og ályktun þingsins.

11:15 Ávörp

Stefán Vagn Stefánsson, alþingismaður Norðvesturkjördæmis, flytur ávarp.

Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

12:00 Hádegisverður

12:30 Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra flytur ávarp og hvetur til samtals og umræðu.

13:30 Afgreiðsla nefndarálita

13:45 Kosningar

Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna. Tilnefndi hann Magnús Magnússon sem 1. þingforseta og Friðrik Mátí Sigurðsson sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og varaþingritarar Magnús Barðdal og Katrín M. Guðjónsdóttir starfsfólk SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti nefndir þingsins og lagði til að eftirtaldir aðilar kölluðu nefndirnar saman:

Fjárhagsnefnd: Sigríður Ólafsdóttir, Húnaþingi vestra, kallar nefndina saman.

Allsherjarnefnd: Jóhanna Ey Harðardóttir, Skagafirði, kallar nefndina saman.

Fulltrúatal

Jóhanna Ey Harðardóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 27 fulltrúar og af þeim eru 23 mættir. Mættir fulltrúar eru:

| Nafn | Sveitarfélag | Aðal/vara |
|---------------------------------|-----------------|-----------|
| Guðmundur Haukur Jakobsson | Húnabyggð | aðal |
| Auðunn Sigurðsson | Húnabyggð | aðal |
| Birgir Þór Haraldsson | Húnabyggð | vara |
| Þorleifur Karl Eggertsson | Húnaþing vestra | aðal |
| Friðrik Már Sigurðsson | Húnaþing vestra | aðal |
| Magnús Eðvaldsson | Húnaþing vestra | aðal |
| Sigríður Ólafsdóttir | Húnaþing vestra | aðal |
| Magnús Magnússon | Húnaþing vestra | aðal |
| Elín Lilja Gunnarsdóttir | Húnaþing vestra | vara |
| Kristján Steinar Kristjánsson | Skagabyggð | vara |
| Vignir Sveinsson | Skagabyggð | aðal |
| Einar E. Einarsson | Skagafjörður | aðal |
| Sigurður B. Rafnsson | Skagafjörður | vara |
| Hrefna Jóhannesdóttir | Skagafjörður | aðal |
| Sólborg S. Borgarsdóttir | Skagafjörður | aðal |
| Sigurður Hauksson | Skagafjörður | aðal |
| Guðlaugur Skúlason | Skagafjörður | aðal |
| Sveinn Þ. Finnster | Skagafjörður | aðal |
| Jóhanna Ey Harðardóttir | Skagafjörður | aðal |
| Steinunn Rósa Guðmundsdóttir | Skagafjörður | vara |
| Álfhildur Leifsdóttir | Skagafjörður | aðal |
| Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir | Skagafjörður | aðal |
| Halldór G. Ólafsson | Skagaströnd | aðal |
| Arnar Ólafur Viggósson | Skagaströnd | vara |

Fjárhags- og starfsáætlun 2024

Katrín M. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, gerði grein fyrir fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSNV fyrir árið 2024. Þingforseti vísaði fjárhagsáætlun SSNV fyrir 2024 til fjárhagsnefndar og starfsáætlun SSNV fyrir 2024 til allsherjarnefndar.

Erindi

Eftirtaldir fluttu erindi á haustþinginu:

- Álfhildur Leifsdóttir, fulltrúi SSNV í stafrænu ráði sambandsins. Virkjum hugvit, tækni og stafræna þróun.

Álfhildur Leifsdóttir fór yfir stafræna vegferð sveitarfélaga, kosti stafrænna lausna fyrir íbúa og sveitarfélög og lausnir sem hafa verið þróaðar fyrir sveitarfélög og koma

til með að standa öðrum sveitarfélögum til boða. Þá fór hún yfir hlutverk og verkefni ráðsins.

- Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir - Ungmennafélag Norðurlands vestra
Ólöf Lovísa fór yfir framkvæmd og niðurstöður ungmennafélags Norðurlands vestra sem haldið var nýlega á Blönduósi á vegum samstakanna. Þingið var fjármagnað með styrk frá samfélagssjóði Landsvirkjunar.
- Magnús Barðdal - Kortlagning tækifæra á landsbyggðinni.
Magnús Barðdal fór yfir verkefni sem SSNV hefur unnið að undanfarið í samstarfi við Íslandsstofu þar sem til stendur að kortleggja fjárfestingatækifæri á öllu landinu og gera upplýsingarnar aðgengilegar á sameiginlegri heimasíðu.

Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur sem sendar höfðu verið send út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda:

Fjárhagsnefnd

- Fjárhagsáætlun SSNV 2024

Allsherjarnefnd

- Starfsáætlun SSNV 2024

- Ályktun þingsins

Einar E. Einarsson kom í pontu, kynnti ályktun er lýtur að opinberum störfum ríkisins og lagði til við þingið að hún væri tekin til umræðu í allsherjarnefnd.

Ávörp gesta

Stefán Vagn Stefánsson, 1. þingmaður Norðvestur kjördæmis.

Stefán talaði um mikilvægi samstarfs sveitarfélaganna. Hann fór yfir áhrif stríðs í heiminum á efnahag á Íslandi en áréttaði þó að bjartari tímar væru framundan. Þær aðgerðir sem hefur verið gripið til varðandi efnahag á Íslandi hafa tekist. Stefán fjallaði um orkukerfið og mikilvægi þess að nýta orkuna vel svo við náum markmiðum okkar í orkuskiptum og loftslagsmálum. Flutningur rafmagns er áskorun og þar sitja ekki öll sveitarfélög við sama borð og við því þarf að bregðast. Hann talaði um grafalvarlega stöðu í íslenskum landbúnaði og mikilvægi fæðuöryggis. Það þurfi heildstæða endurskoðun á kerfinu og málið þoli enga bið. Hann talaði um samgönguáætlun og þjónustu vegagerðarinnar og mikilvægi þess að vetrarþjónusta sé í samræmi við þarfir sveitarfélaganna. Að lokum þakkaði hann fyrir gott samstarf og hvatti sveitastjórnafulltrúa til að vera í góðu sambandi við þingmenn kjördæmisins.

Einar E. Eðvaldsson þakkaði Stefáni ræðuna og bað Stefán að taka fyrir þá staðreynd að við séum að horfa uppá fækkun í störfum hins opinbera í landshlutanum, og séum eini landshlutinn sem horfum uppá þá þróun þrátt fyrir að störfum hins opinbera sé að fjölga.

Stefán tók undir þessar áhyggjur Einars og svaraði með því að endurskoða þurfi störf án staðsetningar.

Hádegishlé

Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings

Fjárhagsnefnd

Sigríður Ólafsdóttir gerði grein fyrir tillögum fjárhagsnefndar.

7. haustþing SSNV, haldið 12. október 2023, samþykkir framlagða fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2024. Sjá fylgiskjal

Tillagan var samþykkt með 21 atkvæði.

Allsherjarnefnd

Jóhanna Ey Harðardóttir gerði grein fyrir tillögum allsherjarnefndar.

7. haustþing SSNV, haldið 12. október 2023, samþykkir framlagða starfsáætlun SSNV fyrir árið 2024.

Sjá fylgiskjal

Tillagan var samþykkt með 21 atkvæði.

7. haustþing SSNV, haldið 12. október 2023, samþykkir fyrirliggjandi ályktun þingsins er snýr að hagsmunamálum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og íbúa þeirra með framkomnum breytingum.

Sjá fylgiskjal

Tillagan var samþykkt með 21 atkvæði.

Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Arnar þakkaði fyrir boðið að ávarpa þingið og bar fyrir kveðju frá Heiðu Björg, formanni sambandsins.

Hefur verið að ferðast um landið og hitta landshlutasamtökin. Margir átta sig ekki á því hvað landshlutasamtökin gegna viðamiklu hlutverki. Sambandið vill tengjast sínum umbjóðendum betur og fara í nánara samstarf. Munu leggja áherslu á söfnun upplýsinga hjá sveitarfélögum leggur áherslu á að taka vel á móti hans fólki og hlakkar til frekara samstarfs.

Ávarp Guðlaugs Þórs Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Guðlaugur fór yfir loftslagsmál, loftslagssamninga og skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum og hver staða Íslands er í samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda.

Höfum verið sofandi undanfarin 15 ár þegar kemur á framleiðslu á grænni orku.

Þurfum betri upplýsingar til að taka betri ákvarðanir. Guðlaugur lagði áherslu á að góðar ákvarðanir hefðu verið teknar í fortíðinni varðandi orkuskipti. Hitaveitan getur verið stór áskorun. Það þarf að rannsaka það og passa uppá að ganga ekki of langt á auðlindina.

Farið hefur verið af stað áttak í jarðhitaleit, af augljósum ástæðum.

Fer yfir staðreyndir um hvernig mannfjöldaþróun í sveitarfélögum hafa átt sér stað og að störf eigi ekki að vera án staðsetninga heldur með staðsetningum.

Guðlaugur fór einnig yfir sameiningar stofnanna sem heyra undir ráðuneytið. Störfin verði að vera þar sem verkefni eru.

Til máls tóku: Einar E. Eðvaldsson, Álfhildur Leifsdóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Birgir Þór Haraldsson og Halldór Ólafsson.

Þingslit:

Magnús Magnússon, þingforseti, þakkaði fyrir gott þing.

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður SSNV, skýrði frá því að SSNV fékk styrk 2021 til að kanna nýtingu glatvarma frá gagnaverunu á Blönduósi og í framhaldi af því verkefni var undirrituð viljayfirlýsing um áframhaldandi samvinnu. Guðmundur þakkaði fyrir gott þing, bauð til næsta ársþings 11. apríl 2024 í Austur-Húnavatnssýslu og sagði þinginu slitið.

Þinggjörðina rituðu

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir
starfsmenn SSNV.